

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurjón Njarðarson f.h. yfirdýralæknis	<i>Fundarstaður:</i>	Matvælastofnun, Dalshraun 1b, Hafnarfirði
<i>Fundarstjóri:</i>	Þorvaldur Þórðarson	<i>Dagsetning:</i>	14. september 2022
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	14:00 – 15:30
<i>Þátttakendur:</i>	Þorvaldur H. Þórðarson (Í staðgöngu yfirdýralæknis), Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Ellen Ruth Ingimundardóttir (sérgreinadýralæknir með heilbrigði og velferð eldisfiska), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafró) og Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafró).		

## Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun eldisfiska
- Önnur mál

## Umræða

### 1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna lyfjameðhöndlunar eldisfiska í sjókvíaeldi

- Umsókn um leyfi til að meðhöndla eldisfisk með SliceVet lúsalyfi í Hvanndal og Laugardal í Tálknafirði: Út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun í meðalári mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Umsókn um leyfi til að meðhöndla eldisfisk með SliceVet lúsalyfi í Hringsdal og Hvestu í Arnarfirði: Út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun í meðalári mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Umsókn um leyfi til að meðhöndla eldisfisk með AlphaMax lúsalyfi í Kvígindisdal og Eyri í Patreksfirði: Út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun í meðalári mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Umsókn um leyfi til að meðhöndla eldisfisk með AlphaMax og SliceVet lúsalyfum í Tjaldanesi í Arnarfirði: Út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun í meðalári mælir Fisksjúkdómanefnd með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.<sup>1</sup>

### 2. Önnur mál

Fisksjúkdómanefnd ítrekar fyrri bókanir um mikilvægi rannsókna á lyfjapoli fiski- og laxalúsa. Nefndin leggur ríka áherslu á að bæði rekstraraðilar fiskeldis og opinberir aðilar flýti eftir föngum boðuðum verkefnum og að flæði upplýsinga aðila í millum séu virkt.

<sup>1</sup> Umsókn um meðhöndlun í Tjaldanesi barst eftir að fisksjúkdómanefnd hafði lokið hefðbundnum fundi sínum. Efnisleg umfjöllun fór fram með rafrænum hætti.

Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma upkýsti fundarmenn um stöðu og framvindu aðgerða gegn blóðþorranum á Austfjörðum. Reyðarfjörður var endanlega tæmdur fyrir fiski í júlí og vel gengur að slátra í Berufirði, en við vikulegar skimanir þar hefur ekkert borið á veirunni á liðnum vikum.

Að lokum var gerð grein fyrir mannbreytingum innan fiskeldisdeildar. Ellen Ruth mun láta af störfum við eftirlit með fiskeldi og taka við sem héraðsdýralæknir SV-umdæmis þann 1. október nk. Staða sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma verður auglýst við fyrsta tækifæri.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:30.